

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 1293/2014****2015/EES/23/68****frá 17. júlí 2014**

um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á bendineti og styrkingum úr málmum til gifshúðunar innanhúss, sem falla undir samhefða staðalinn EN 13658-1, á bendineti og styrkingum úr málmum til gifshúðunar utanhúss, sem falla undir samhefða staðalinn EN 13658-2, og á skraut- og styrktarlistum úr málmum, sem falla undir samhefða staðalinn EN 14353, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 27. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Kerfi fyrir flokkun eftir nothæfi byggingarvara með tilliti til viðbragða við bruna var samþykkt í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB⁽²⁾. Bendinet og styrkingar úr málmum til gifshúðunar innanhúss, sem falla undir samhefða staðalinn EN 13658-1, bendinet og styrkingar úr málmum til gifshúðunar utanhúss, sem falla undir samhefða staðalinn EN 13658-2, og skraut- og styrktarlistar úr málmum, sem falla undir samhefða staðalinn EN 14353, með óvarinn flöt sem inniheldur lífrænt efni eru meðal þeirra byggingarvara sem ákvörðunin nær yfir.
- 2) Nothæfi þessara vara hefur reynst stöðugt og fyrirsjáanlegt að því er varðar viðbrögð við bruna þegar þær eru notaðar með gifspötum sem mynda horn á veggjum þar sem aðeins er hætt við að óverulegur hluti yfirborðs þeirra komist í snertingu við eld.
- 3) Bendinet og styrkingar úr málmum til gifshúðunar innanhúss, sem falla undir samhefða staðalinn EN 13658-1, bendinet og styrkingar úr málmum til gifshúðunar utanhúss, sem falla undir samhefða staðalinn EN 13658-2, og skraut- og styrktarlistar úr málmum, sem falla undir samhefða staðalinn EN 14353, með óvarinn flöt sem inniheldur lífrænt efni ættu því að teljast uppfylla E-flokk fyrir nothæfi fyrir viðbrögð við bruna án þess að prófunar sé þörf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Bendinet og styrkingar úr málmum til gifshúðunar innanhúss, sem falla undir samhefða staðalinn EN 13658-1, bendinet og styrkingar úr málmum til gifshúðunar utanhúss, sem falla undir samhefða staðalinn EN 13658-2, og skraut- og styrktarlistar úr málmum, sem falla undir samhefða staðalinn EN 14353, teljast uppfylla E-flokk sem settur er fram í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun 2000/147/EB, án prófunar, ef þau hafa óvarinn flöt úr lífrænu efni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 349, 5.12.2014, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna (Stjtið. EB L 50, 6.6.2000, bls. 14).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júlí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
